



Magasin du Nord í Kaupmannahöfn. mbl.is/GSH

Erlent | mbl.is | 9.3.2009 | 11:29

Fjallað um yfirtöku Straums í Danmörku og Bretlandi

Fjallað er um yfirtöku íslenska ríkisins á Straumi Burdaráss á fyrirtæki í Danmörku og Bretlandi í dönskum fjölmiðlum í dag en fyrirtækið á m.a. ríkjandi hlut í dönsku versluninum Magasin du Nord og Illum og fjármálayrirtækin Teathers og Stamford Partners í Bretlandi.

Fram kemur í breska blaðinu Telegraph að forsvarsmenn Straums hafi lagt hugmyndir að nokkrum leiðum til bjargar bankanum fyrir íslensk yfirvöld um helgina en að þeim hafi verið hafnað og „dramatískasta leiðin valin”

Þá segir að verði örlög straums þau sömu og íslensku bankanna þriggja, sem hrundu í október, sé líklegt að starfsemi bankans í Bretlandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Hollandi, Póllandi, Slóvakíu, Rúmeníu og Tékklandi verði aðskilin frá innlendri starfsemi hans

Á fréttavef danska blaðsins *Berlingske Tidende* segir að yfirtaka bankans hljóti að hafa mikil áhrif í Danmörku.

Þar segir að Staumur hafi í vetur yfirtekið 75% eignarhlut Baugs, fyrirtækis stórfjárfestisins Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, í M-Holding, sem eigi verslanirnar Magasin og Illum auk 50% af Magasin-byggingunni við Kongens Nytorv.

Þá segir að Staumur hafi einnig yfirtekið í húsgagnaverslunina Biva, í kjölfar bankahrunsins á Íslandi og að síðast á föstudag hafi verið greint frá því að Straumur, Købstædernes Forsikring og Property Group, sem Straumur sé einnig stór hluthafi í, hafi stofnað fyrirtækið Pecunia, með það að markmiði að yfirtaka illa stæð fyrirtæki í samvinnu við banka.